

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun til landlæknis 53  
 fyrir kennslu yfirsetukvennaefna. — Þjer hafid, herra landshöfðingi, í þóknanlegu 28. febr.  
 brjefi, dags. 27. nóv. f. á. sent mjer beiðni Schierbecks landlæknis um að honum verði  
 ávísað kennslukaupi fyrir 6 yfirsetukonuefni, sem hann hefur kennt á tímabilinu frá 1.  
 jan. 1884 til 31. desbr. 1885, og sem allar eru tilgreindar, en kennslukaup þetta hefur  
 hann ekki fengið útborgað enn þá, af því að engin af kvennmönnum þeim, sem um  
 er að ræða, hefur enn orðið skipuð yfirsetukona, og hafid þjer tekið fram, að það hafi  
 jafnan verið venja, að borga ekki neinn kostnað við nám yfirsetukvennaefna, hvorki  
 ferðakostnað þeirra og kostpeninga nje kaup kennaranna, fyrr en eptir að þær hafa  
 verið skipaðar yfirsetukonur, og að þjer hafid ekki talið yður heimilt að gjöra neina  
 undantekningu að því er snertir yfirsetukvennaefni þau, sem um ræðir í beiðni land-  
 læknis. Jafnframt því að lýsa yfir því álitinu yðar, að landlæknirinn sje alls ekki skyld-  
 ur til að kenna fleiri yfirsetukonum en þeim, er nokkurnveginn vissa er fyrir að skip-  
 aðar geti orðið, og að þannig geti naumast hvílt á landssjóði nein skylda til að borga  
 fyrir kennslu fleiri yfirsetukvennaefna, en þörf er á, hafid þjer skotið málinu til úrskurð-  
 ar stjórnarráðsins.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbein-  
 ingar og birtingar fyrir Shierbeck landlækni, að jeg verð að vera yður samdóma um  
 það, að umrætt kennslukaup geti ekki orðið borgað honum fyrr en jafnóðum og hlut-  
 aðeigandi kvennmenn verða skipaðar yfirsetukonur, því að jeg geng út frá því, að  
 landsstjórnin hafi eigi áður lagt fyrir hann að kenna þessum kvennmönnum eða gefið  
 honum beint tilefni til þess. Hvorki læknar þeir, sem eiga að hafa yfirsetukvennakennsluna  
 á hendi eða nemendurnir sjálfir eru bærir að dæma um það, hve margar yfirsetukonur  
 jafnan þarf að hafa undirbúnar til þjónustu hins opinbera; slíkt liggur að eins undir  
 álit stjórnarvalda þeirra, sem eptir lögum 17. desbr. 1875 eiga að sjá um að nógu margar  
 yfirsetukonur sjeu til. Fyrir því geta hlutaðeigandi kennarar ekki heimtað, að kaup það  
 fyrir yfirsetukvennakennslu, sem eptir nefndum lögum, sbr. hæstarjettardóma 30. jan.  
 1884 og 28. nóv. 1887 á að greiðast af landssjóði, sje greitt þeim þegar er kennslunni  
 er lokið, nema þegar kennslan hefur farið fram eptir undirlagi landsstjórnarinnar. En  
 þá ber þeim einnig kaupið án tillits til, hvort hlutaðeigandi nemandi þegar verður  
 skipuð yfirsetukona eða ekki. Hafi kennslan aptur á móti farið fram án þess að hið  
 opinbera hafi hlutast til um það, þá getur sá, sem kennt hefur, hvort sem það er  
 landlæknir eða einhver hjeraðslækna þeirra, er kennsluna hafa á hendi, ekki fengið  
 kennslukaup af landssjóði fyrr en að því rekur, að hið opinbera þurfi á þjónustu hlut-  
 aðeigandi yfirsetukvenna að halda.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Ísafirði um kaup á fundarhúsi handa 54  
 Ísafjarðarkaupstað. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 6. p. 16. marz  
 m., vil jeg hjermeð samkvæmt 29. gr. laga nr. 23, 8. okt. 1883, veita samþykki mitt  
 til þess, að bæjarstjórnin á Ísafirði kaupi »Good-Templara«-húsið þar á staðnum fyrir  
 fundarhús handa kaupstaðnum fyrir 2600 kr., er borgist úr bæjarsjóði á 10 árum með  
 af höfuðstól árlega, auk 4% vaxta.

1. dag júnímán. 1891.